

Nd.

850. Breytingartillögur

[271. mál]

við frv. til 1. um framhaldsskóla.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur, Kristínu Einarsdóttur,
Kristínu Halldórsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Hlutverk framhaldsskóla er eftirfarandi:
 - að búa nemendur undir líf og starf í samfélagi lýðræðis og jafnréttis með því að veita þeim almenna menntun miðað við hæfni, þroska og námsgetu,
 - að efla félagsþroska nemenda, menningu og mannúð,
 - að búa nemendur undir nám í sérskólum og á háskólastigi með því að veita þeim þekkingu og þjálfun í vinnubrögðum,
 - að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu með sérnámi er veitir starfsréttindi.
2. Við 5. gr. Upphaf 1. mgr. orðist svo:
Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi taka til, og annast í samráði við faggreinafélög námsskrárgærd o.s.frv.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Skólanefnd undirbýr árlega ásamt skólameistara tillögur til fjárlaga og sendir þær menntamálaráðuneyti. Í upphafi hvers árs gerir skólanefnd fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt.
Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfang, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld.

Halda skal bókhald um fjárreiður þessar og um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Heimilt er skólanefnd að stofna sérstaka sjóði við framhaldsskóla. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

4. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Skólameistari stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrá og önnur gildandi fyrir mæli á hverjum tíma.

Skólaráð skal starfa við hvern framhaldsskóla. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað fulltrúum kennara og nemenda svo og aðstoðarskólameistara starfi hann við skólann.

Skólaráð, deildarstjórnar skólans og skólameistari marka stefnu í skólahaldi og ákveða námsframboð með samþykki skólanefndar og menntamálaráðuneytis.

Um skipan skólaráðs, verkvið þess, starfstíma og starfshætti skal nánar kveðið á í reglum sem menntamálaráðuneytið setur.

Skólameistari annast framkvæmd þeirra ákvarðana sem skólaráð og skólanefnd taka.

5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla hverju sinni.

Við hvern framhaldsskóla skal starfa námsráðgjafi, einn eða fleiri, og skal miða fullt starf við 300 nemendur. Jafnframt skulu nemendur eiga kost á sálfræðiþjónustu.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólaráðs. Menntamálaráðherra setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum skólaráðs og skólameistara viðkomandi skóla. Skólameistari ræður stundakennara í samráði við deildarstjóra og aðra starfsmenn í samráði við skólaráð. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytis hafi kennari ekki kennsluréttindi.

6. Við 13. gr. 2. mgr. orðist svo:

Menntamálaráðuneytið setur skólameisturum erindisbréf. Reglur um störf annars starfsfólks setur menntamálaráðuneytið.

7. Við 14. gr.

a. Í stað orðsins „skólanefnd“ í 1 mgr. komi: skólaráði.

b. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er orðist svo: Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæði um a.m.k. fimm ár við sérstakar aðstæður (svo sem skipulagningu nýrra námsbrauta, endurskipulagningu náms, endurnýjun námsefnis o.þ.h.).

c. Við 3. mgr. Á eftir orðunum „senda ráðuneytinu“ bætist: og skólaráði.

8. Við 16. gr. Á milli 2. og 3. másl. 2. mgr. komi nýr málslíður er orðist svo: Skytt er að gefa þessum nemendum kost á fornámi í einstökum námsáföngum ef á þarf að halda.

9. Við 17. gr. 1. másl. 1. mgr. orðist svo: Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem tilgreindar eru eftir markmiðum námsins.

10. Við 18. gr.

a. 2. másl. orðist svo: Lögð skal áhersla á tengsl list- og verkmenntunar við hinn bóklega þátt námsins.

b. Í stað orðanna „skal heimilt“ í 3. másl. komi: er skylt.

11. Við 20. gr. Á eftir orðunum „menntamálaráðuneytið setur“ í 1. másl. komi: í samráði við faggreinafélög.

12. Á eftir 32. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Mötuneyti skulu rekin við alla framhaldsskóla. Nemendur bera sjálfir kostnað vegna hráefnis. Launakostnaður starfsfólks mötuneyta greiðist úr ríkissjóði.

13. Við 34. gr. (sem verði 35. gr.).
 - a. 2. másl. 2. mgr. orðist svo: Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smáa námshópa, svo og þar sem smæð skóla eða fámenni krefst þess.
 - b. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein:

Auk þess bætist við sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda uppi sérkennslu fatlaðra nemenda.
14. Við 39. gr. (sem verði 40. gr.). Nýr málslíður bætist við sem orðist svo: Greinin tekur ekki til félagsstarfsemi nemenda skólans.
15. Við 41. gr. 1. og 10. tölul. greinarinnar falli brott.